

LÖG VÉLHJÓLAÍPRÓTTAKLÚBBSINS

A Nafn, heimili og tilgangur.

- Félagið heitir Vélahjólaiþróttaklúbburinn. Skammstafað V.Í.K.
- Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.
- Félagið var stofnað 9. nóvember 1978.
- Tilgangur félagsins er að:
 - Vinna að útbreiðslu og eflingu vélahjólaiþróttar og skapa meðlimum þess aðstöðu til að stunda íþrótt sína á ákveðnum lokuðum svæðum, viðurkenndum af yfirvöldum.
 - Vernda og viðhalda rétt vélahjólafólks til aksturs eftir (götu)vegslóðum. Stuðla að skipulögðu og löglegu neti (götu)vegslóða í þágu þeirra sem aka vélahjólum í tómsundum.
 - Fræðsla til félagsmanna, útivistarhópa, félagasamtaka og fjölmiðla um vélahjólamennsku og stuðla að góðri samvinnu við sveitarfélög og ríki.
 - Vinna markvisst að hagsmunamálum vélahjólafólks.
- Markmið félagsins er að ná til sem flestra vélahjólaiþróttamanna og gefa þeim gott fordæmi um umgengni og verndun landsins.
- Hver sem er getur gerst fullgildur meðlimur félagsins.
- Þeir, sem óska eftir inngöngu í félagið en eru ekki sjálfráða, verða að hafa til þess samþykki foreldra sinna eða forráðamanna. Stjórn félagsins getur hafnað umsókn um aðild, ef 2/3 hlutar hennar greiði því atkvæði, án frekari skilgreiningar. Stjórninni er heimilt að vísa inntökubeiðnum til ákvörðunar félagsfundar.

B Stjórn

- Málefnum félags stjórnar:
 - Aðalfundur
 - Stjórn
- Reikningsár félagsins er almanaksár.

C Aðalfundur

- Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins, en þó með þeim takmörkunum sem um er getið í lögum þess.
- Aðalfundur sitja allir sem greitt hafa félagsgjöld árið áður. Einnig mega sitja aðalfundur velunnarar klúbbsins en hafa þeir hvorki málfrelsi né atkvæðarétt.
- Aðalfundur skal haldinn ár hvert í mars mánuði og skal boðaður með a.m.k. 2ja vikna fyrirvara. Fundi skal boðaður með auglýsingu á áberandi stað. Í auglýsingu skal dagskrá fundar koma fram.
- Málefni sem félagar óska að tekin verði fyrir á fundinum, skulu tilkynnt stjórn félags minnst 1 viku fyrir aðalfund.
- Fundurinn er lögmaður, ef löglega hefur verið til hans boðað.
- Á fundinum hafa fulltrúar einir atkvæðarétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt: Heiðursfélagar.

7. Aðeins sá, sem er félagi er kjörgengur til nefnda eða stjórnar. Félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld og hefur ekki verið vísað úr félaginu.
8. Hver félagi hefur aðeins 1 atkvæði.
9. Aðalfundur kýs fundarstjóra, sem ekki má vera meðlimur stjórnarinnar. Ákvarðanir fundarstjóra skulu bornar undir atkvæði, ef 1/3 hluti fullgildra félagsmanna krefjast þess.
10. Einfaldur meirihluti ræður við atkvæðagreiðslur á aðalfundi, nema ef lög félagsins kveða á um annað. Fundarstjóri ákveður hvernig atkvæðagreiðslum skuli háttað, atkvæðagreiðslur og kosningar skulu þó vera skriflegar, ef 1/3 hluti félagsmanna óska þess og atkvæðagreiðslum um brottvikningu félagsmanna skal einnig fara fram skriflega.
11. Ákvarðanir aðalfundar skulu færðar í gerðarbók, þar sem ágríp af umræðum eru skráð svo ítarlega, sem fundarstjóri ákveður.
12. Fundarstjóri undirritar gerðarbók.
13. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursmeðlim að tillögu stjórnarinnar en við slíka samþykkt þarf samskonar meirihluta og krafist er til að breyta lögum félagsins.
14. Ekki er leyfilegt að ræða uppástungur um heiðursfélaga á aðalfundi.

D Aukafundur

1. Aukaaðalfundur. Stjórnin getur boðað til aukaaðalfundar hvenær sem er og slíkan fund ber að boða þegar a.m.k. helmingur fullgildra félagsmanna sendir stjórninni skrifleg tilmæli þar að lútandi.
2. Þegar slík tilmæli berast, á að halda aðalfund eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa borist stjórninni í hendur, ásamt upplýsingum um efni það, sem óskað er eftir að rætt verði.
3. Fundurinn skal boðaður með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Fundi skal boða með auglýsingu á áberandi stað. Í auglýsingu skal dagskrá fundar koma fram.
4. Rétt til setu á aukaaðalfundi hafa sömu aðilar og höfðu rétt til setu á aðalfundi.
5. Á aukafundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn.

E Dagskrá aðalfundar

1. Setning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar og nefnda lagðar fram til umræðu og samþykktar.
4. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram til umræðu og samþykktar.
5. Kosning nefnda.
6. Sjón leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagabreytingar
8. Umræður um tillögur, sem fram hafa komið.
9. Kosning formanns.
10. Kosning fjögurra stjórnarmanna.
11. Kosning tveggja endurskoðenda.
12. Önnur mál.
13. Fundargerð lesin upp til samþykktar.
14. Fundarslit.

F Önnur ákvæði um aðalfund

1. Kosningar skulu gerðar með handauppréttingu og skal fundarstjóri annast talningu.
2. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, en þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.
3. Fundur getur með 2/3 atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá fundarins var auglýst.

G Stjórn félags

1. Stjórn skipa 5 menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og 1 meðstjórnandi og skulu þeir sitja í eitt ár í senn.
2. Heimilt er að bjóða fram heila stjórn til kjörs, og greiða atkvæði einu sinni um þá alla.

H Úrsögn, brottvikning

1. Þegar meðlimur hefur ekki greitt félagsgjald í eitt ár, getur stjórnin vikið honum úr félaginu með a.m.k. sjö sólahringa fyrirvara, skriflega.
2. Sá, sem vikið hefur verið úr félaginu vegna vanskila, er ekki hlutgengur til þátttöku í félaginu aftur fyrr en hann hefur greitt skuld sína við það.
3. Stjórnin hefur heimild til að víkja manni úr félaginu ef viðkomandi hefur gerst sérlega brotlegur. Ákvörðun stjórnarinnar verður að vera byggð á atkvæðagreiðslu, þar sem a.m.k. 2/3 hlutar stjórnarmanna samþykkja brottvikninguna. Viðkomandi félagsmanni skal þó heimilt áður en stjórnin tekur ákvörðunina, að bera fyrir sig varnir og hann getur gert kröfu til þess, að um brottvikninguna verði fjallað á aðalfundi.
4. Hægt er að víkja manni úr félaginu, ef tillaga þar að lútandi er borin fram af a.m.k. 15 félögum er samþykkt á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða.
5. Þegar ætlun er að fjalla um brottvikningu á aðalfundi á viðkomandi félagsmaður heimtingu á að fá tilkynningu um það, með a.m.k. 3ja sólahringa fyrirvara, jafnframt því sem hann hefur heimild til að sækja fundinn til að bera vörn fyrir sig. Ákvörðunin um brottvikningu skal tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður.
6. Félagsmaður, sem vikið hefur verið úr félaginu að ákvörðun aðalfundar, er aðeins tækur í félagið aftur, ef aðalfundur gerir samþykkt þar að lútandi, en til þess þarf sama meirihluta og krafist var við brottvikninguna.

I Starfssvið stjórnar

1. Stjórnin skal starfa eftir samþykktum aðalfundar. Stjórnin, sem er fulltrúi félagsins í öllum málum, hefur umsjá með daglegum rekstri félagsins. Ávarðanir hennar sem teknar eru með lögmætum hætti, eru bindandi fyrir félagið, svo og störf hennar í framhaldi af þeim.
2. Stjórnin skiptir með sér verkum á fundi, þegar eftir aðalfund og eigi síðar en eftir 14 daga.
3. Stjórnin setur sér sjálf starfsreglur.
4. Stjórnin er því aðeins ályktunarfær, að helmingur stjórnarmanna sé mættur, þar á meðal formaður og varaformaður.
5. Varaformaður tekur sæti formanns í forföllum hans.
6. Ef atkvæði eru jöfn innan stjórnarinnar, ræður atkvæði formanns úrslitum.
7. Stjórnin getur skipað sér allt að tvo meðstjórnendur.
8. Formaður stjórnar skal boða til félagsfunda og stjórnarfunda.
9. Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum félags og nefnda.

10. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn.
11. Hætti einhver stjórnarmeðlima á árinu af óviðráðanlegum orsökum, velur stjórnin mann til að taka sæti hans.

J Nefndir

1. Aðalfundur eða stjórn geta skipað nefndir og sett þeim reglur um starfssvið, fundarform og fundargerðir.
2. **Motocrossnefnd.** Hlutverk hennar er að hafa umsjón með keppnishaldi félagsins í motocrossi. Kjósa skal þrjá (3) fastafulltrúa og einn (1) varamann.
Enduronefnd. Hlutverk hennar er að hafa umsjón með keppnishaldi félagsins í enduro. Kjósa skal þrjá (3) fastafulltrúa og einn (1) varamann.
Bolaöldunefnd. Stjórn tilnefnir þrjá (3) fastafulltrúa og einn (1) varamann. Hlutverk: umsjón með starfssemi innan svæðisins.
Hefur skipulags- og framkvæmdavald og getur leitað til annara nefnda um afmörkuð mál, s.s. keppnishald ofl.
Álfsnesnefnd. Stjórn tilnefnir þrjá (3) fastafulltrúa og einn (1) varamann. Hlutverk: umsjón með starfssemi innan svæðisins. Hefur skipulags- og framkvæmdavald og getur leitað til annara nefnda um afmörkuð mál, s.s. keppnishald ofl.
Umhverfisnefnd. Nefndin sér um samskipti við yfirvöld, sveitarfélög og félagsamtök varðandi umhverfismál sem snúa að notkun vélhjóla. Nefndin tekur efnislega afstöðu til þeirra mála sem upp koma og miðlar upplýsingum um umhverfismál til félagsmanna.
Fjórir (4) fastafulltrúar skulu sitja í nefndinni og einn (1) varamaður. Annað hvort ár skulu kosnir tveir (2) nefndarmenn af fimm, en hitt árið þrír (3).
Vefnefnd. Stjórn tilnefnir þrjá (3) fulltrúa í nefndina til tveggja ára. Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með vefsvæði félagsins. Formaður nefndarinnar, sem jafnframt er *vefstjóri*, ber ábyrgð á daglegum rekstri vefsins.
Veftæknistjóri ber ábyrgð á tæknilegum rekstri, samskiptum við hýsingaraðila, val á forritum og aðstoð við stjórn, nefndir og aðra félagsmenn við að setja inn og viðhalda efni vefsins.
Skemmtinefnd. Stjórn tilnefnir þrjá (3) fastafulltrúa og einn (1) varamann. Hlutverk hennar er að sjá um árshátíð og aðrar skemmtanir félagsins.

K Leggja félag niður

1. Tillögur um að leggja félag niður má aðeins taka fyrir á lögsmætum aðalfundi.
2. Til samþykktar þarf minnst 2/3 hluta atkvæða.
3. Ákvæði um að leggja félag niður, skal koma fram í fundarboði.
4. Sé samþykkt að leggja félag niður, skal boða til aukaaðalfundar til að staðfesta niðurstöðuna.

L Önnur ákvæði

1. Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ.

M Fréttabréf

Fréttabréf félagsins heitir Drullumallið og skal það gefið út minnst 10 sinnum á ári. Ritstjóri og stjórn félagsins ákveða í sameiningu ritstjórn.

N Gildistaka þessara laga

1. Lög þessi eru sett á aðalfundi Vélhjólaiþróttaklúbbsins 23.mars 1999 og öðlast þegar gildi.
2. Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar félagsmanna á aðalfundi samþykki þá breytingu.